

Klack!

Leikmenn: 2-6 Aldur: 4 ára og upp úr Leiktími: Um 10 mínútur

Íhlutir

36 segulmagnaðir diskar
1 forma teningur
1 lita teningur

Markmið leiksins

Leikmenn reyna samtímis að grípa seguldiskana. Teningarnir ákvarða litinn og formið á diskunum sem má grípa. Skelltu réttu diskunum saman í turn – en passaðu að taka ekki vitlausa diska! Sá sem endar með stærsta turninn vinnur!

Undirbúningur

Dreifðu seguldiskunum um borðið þannig að lituðu formin sjáist. Taktu til forma- og litateninginn.

Að spila leikinn

Einn leikmaður kastar báðum teningum. Taktu vel eftir því hvað kemur á teningunum því það eiga allir að gera á sama tíma. Reyndu að vera eins fljót og þú getur að grípa diskana sem hafa formið í þeim lit sem teningarnir sína.

Dæmi: Teningarnir sýna **bláan** lit og **eldinga** form. Diskarnir sem þú átt að grípa eins hratt og þú getur verða að hafa **blá eldingu**.

Bara ein hönd!

Þegar þú grípur diska þá máttu bara nota **aðra hendina**. Diskarnir eru með segul þannig að þeir smellpassa saman.

Haldið áfram að kasta þar til það eru engir diskar eftir á borðinu. Næsti leikmaður kastar báðum teningum og þið grípið alla diskana, af þeim sem eru eftir á borðinu, sem passa við nýja kastið.

Hvít hlið?

Báðir teningarnir eru með einni hvíttri hlið. Ef það kemur upp hvítt á öðrun teningnum þarft þú bara að fylgja hinum teningnum þegar þú grípur diska. Ef það kemur hvítur á lita teningum þá eru allir litir í lagi og þú þarft bara að grípa rétt form. Ef það kemur upp hvítt á forma teningnum þá þarftu bara að grípa diska sem eru með litnum af litateningnum.

Dæmi: Upp kom **púsl** á forma teningnum og **hvítt** á litateningnum. Nú mega allir grípa alla diska sem eru með púsl á.

Hvað ef báðir teningarnir sýna hvítt?

Þú þarft að vera sérstaklega fljót núna! Ef þetta gerist þá skiptir hvorki liturinn né formið máli – reyndu bara að grípa **alla** þá diska sem þú getur náð! En mundu, þú mátt bara nota aðra höndina.

Vitlaus diskur?

Þegar þú ert að flýta þér svona mikið þá grípur þú kannski stundum vitlausan disk. Ef það gerist þá þarftu að skila vitlausu disknum á borðið og einum af diskunum sem þú hafðir náð áður. Ef þú varst ekki búin að ná neinum diksum þá þarftu ekki að skila neinu aukalega.

Leikslök

Þegar það er búið að ná öllum diskunum er leikurinn búinn. Þið sjáið strax hver vann með því að bera turnana saman. **Hæsti** turninn vinnur! Af hverju prófið þið ekki bara aftur fyrst þetta kláraðist svona fljótt?